



## MYND2LF05

### Kennsluáætlun – haustönn 2015

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

#### **Kennarar áfangans:**

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

#### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum kynnst nemendur litakerfunum þremur (cmyk, rgb, listmálun) og læra að beita litafræðum myndlistarinnar sem og myndgreiningu og myndbyggingu út frá línunum og grunnformum. Nemendum kynntur munur á raunsæi og abstrakt sem þeir svo vinna með bæði í kyrralífsmyndum og náttúrumyndum.

#### **Markmið áfangans:**

##### **Þekking**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- litakerfunum þremur.
- litafræði myndlistar og þekkja litahringinn.
- að stefna línu og uppbygging og röðun forma sem og tegund forma skapa ákveðna tilfinningu í myndverkum.
- myndbyggingu út frá línunum og formum.
- muninum á abstrakt og raunsæi.

##### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að blanda 12 litahringinn.
- að blanda liti út frá frumlitum s.s. í jarðliti, pastellit, heita og kalda liti.
- að geta unnið ólíkar myndir, bæði abstrakt og raunsætt, út frá fyrirfram gefnum litum og myndbyggingu sem gefa til kynna ákveðin hugtök og kalla fram ákveðnar tilfinningar

##### **Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ná fram hvaða lit sem þarf með aðeins frumlitina og svartan og hvítan að vopni.
- geta unnið hvort heldur raunsætt eða abstrakt.
- ná fram ákveðinni tilfinningu í myndverki með því að beita línunum, formum og litum á meðvitaðan hátt.

### **Kennslubækur og kennslugögn**

- Fyrirlestrar, innlög, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.
- Nemendur þurfa sjálfir að leggja til teikniblyanta, strokleður og teiknipenna.
- Nemendur fá í hendur pappír og þekjuliti eftir greiðslu efnisgjalda.

### **Kröfur og verkefnaskil**

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi litaprufur, skapalón og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allar skissur.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

### **Efnisgjald**

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst eða síðasta lagi fyrir 1. sept. 2015.

### **Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni**

- |                       |                      |
|-----------------------|----------------------|
| ● Mappa (5%)          | 1. vika lokið 21.ág. |
| ● Litafræði (25%)     | 24.ág.- 11.sept      |
| ● Form (5%)           | 14.spt.- 18.sept.    |
| ● Myndbygging (25%)   | 21.sept.- 9.okt.     |
| ● Landslag (5%)       | 12.okt.- 15.okt.     |
| ● Uppstilling (5%)    | 20.okt.- 23.okt.     |
| ● Fjarvíddarmynd (5%) | 26.okt.- 6.nóv.      |
| ● Portrett (5%)       | 9.nóv.- 13.nóv.      |
| ● Lokaverkefni (20%)  | 16.nóv.- 4.des.      |

### **Annað**

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

